

Mál nr. 253/2013
M
og V v/ slysatryggingar ökumanns ökutækisins A.

Tilkynningafrestur laga um vátryggingarsamninga vegna slyss 11.7.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19. júlí 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V hf. dags. 2. ágúst 2013.

Málsatvik.

Tilkynnt var um slys M til V þann 12. september 2011 þar sem M fékk áverka á hægra hné. Slysð hafði átt sér stað rúmum tveimur árum áður eða þann 11. júlí 2009. Ágreiningur lýtur að því hvenær M hafi vitað um atvik að baki kröfu sinni í skilningi 1.mgr. 51.gr. eða eftir atvikum 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Þar kemur fram að vátryggður hafi eitt ár til að tilkynna um tjón sitt frá þeim tímapunkti. Í gögnum málsins kemur fram að M leitaði til bæklunarlæknis 21. júlí 2009 vegna umrædds atviks, aftur til sama læknis í desember 2009 og til annars læknis í janúar 2010, sem framkvæmdi aðgerð í lok febrúar það ár og kom M aftur til hans í mars og júní 2010. M lenti síðan í öðru slysi 15. júlí 2011 þar sem hann fékk áverka á sama hné og hann leitar til lögmans vegna beggja slysa í ágúst 2011.

M telur að hann hafi ekki vitað um atvik að baki kröfu fyrr en hann hafi mátt gera sér grein fyrir því að hann hafi orðið fyrir varanlegu tjóni. M vísar einnig til þess að hann hafi lent áður í svipuðum áverkum og það hafi ekki verið fyrr en í fyrsta lagi haustið 2010 en frekar sumarið 2011, þegar hann leitar til lögmans, sem hann gat gert sér grein fyrir því að hann hafi orðið fyrir varanlegu tjóni. Meðferð þangað til hafi miðast því að hann næði bata.

V telur að M hafi mátt vita um atvik að baki kröfu sinni í skilningi laga um vátryggingarsamninga í lok janúar 2010 þegar hann leitar til annars sérfræðings í bæklunarlækningum af tveimur vegna afleiðinga slyssins. Hjá þeim lækni hafi komið fram að fyrri viðgerð á krossbandi hefði rifnað og í kjölfarið hafi M farið í aðgerð í lok febrúar 2010.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að M leitaði strax, eða innan mánaðar, til sérfræðings í bæklunarlækningum vegna þess áverka sem hann fékk í slysinu 11. júlí 2009 og nokkrum mánuðum síðar leitaði hann til annars sérfræðings sem gerði á honum aðgerð í febrúar 2010. Matsgerð dags. 28. september 2012 liggur fyrir vegna afleiðinga slyssins og þar er stöðugleikatímapunktur í skilningi skaðabótalaga nr. 50/1993 metinn 23. apríl 2010. Með hliðsjón af ofangreindu telst vitneskja um atvik að baki kröfu vegna slyssins hafa verið orðin ljós þegar aðgerð var gerð í febrúar 2010 eða í síðasta lagi þegar stöðugleikapunktur var náð. Tilkynning til V í september 2011 var því of seint fram komin m.t.t. 1.mgr. 51.[gr.](#) laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysatryggingu ökumanns ökutækisins A hjá V.

Reykjavík 27.ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.